



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík Staður

Gunnarsholti 8. 1. 2020

Efni: Umsögn um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Landgræðslunni barst til umsagnar tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa, endurheimt vistkerfa, og varna gegn landbroti. Landgræðslan lýsir yfir ánægju með tillöguna sem í stórum dráttum styður við verksvið stofnunarinnar og er í samræmi við nálgun hennar við helstu viðgangsefni, einkum er varðar loftslagsmál, vistkerfavernd og sjálfbæra landnýtingu með lýðheilsu að markmiði. Landgræðslan vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum til hliðsjónar við tillögugerðina:

- I. Að byggð sé ekki skipulögð í votlendi í samræmi við áherslur um vernd og endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsvá. Þá er bent á að votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt Náttúruverndarlögum.
- II. Að gætt sé að vernd votlendis við skipulag ræktarlands og leitast við að endurskipuleggja framræslukerfi í þeim tilgangi að tryggja gott ræktarland. Jafnframt að leitast sé við að endurheimta framræst votlend sem ekki er nýtt til landbúnaðar.
- III. Að Landgræðsluáætlun sem unnið er að um þessar mundir sé höfð til hliðsjónar við skipulagsgerð líkt og gert er í tillögunni varðandi fyrirhugaða Skógræktaráætlun, einkum er varðar vernd og aukna útbreiðslu náttúruskóga og vernd og endurheimt vistkerfa almennt.
- IV. Að gerður sé skýr greinarmunur á skógrækt með innfluttum tegundum annars vegar og vernd og aukinni útbreiðslu náttúruskóga hins vegar við skipulagsgerð.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,
sérfræðingur